



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 11.05.2020
Málsnr. 2005005 GpG

Efni: Norðurbraut 3. Umsögn vegna viðbyggingar.

Þann 1. maí sl. leggur Sævar Ingi Sigurgeirsson inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir að byggja viðbyggingu við húsið á Norðurbraut 3 í samræmi við þá kynningu sem lögð hefur verið fram er varðar Vesturbæinn, unnin af Glámu Kím arkitektum. Með erindinu fylgir greinagerð ásamt skissum er gera grein fyrir fyrirhugaðri stækkun.

Í gildi er deiliskipulag frá 1972. Það tekur hins vegar ekki á uppbyggingarmöguleikum innan svæðisins. Verið er að endurskoða deiliskipulag svæðisins og eru framlagðar hugmyndir í takt við þær sem settar hafa verið fram í kynningargögnum Glámu Kím arkitekta um uppbyggingu innan lóðarinnar.

Húsið er byggt árið 1932 og fellur því ekki undir lög um menningarminjar.

Þær hugmyndir sem settar eru fram á skissuformi sýna vel að fyrirhuguð viðbygging er slitin frá hinu eldra íbúðarhúsi og að eigendur hafa hug á að uppfæra smekklekt nútíma hús sem víkur til hliðar og leyfir eldra húsinu að vera áfram ríkjandi þáttur í heillegri götumynd.

Ánægjulegt er að sjá að eigendur hafa hug á að fara í metnaðarfullar framkvæmdir þar sem nýr arkitektúr fléttast við hið eldra íbúðarhúsnæði án þess að bera það ofurliði.

Stefnt er á að hluti Vesturbæjar verði Verndarsvæði í byggð. Slík verndun þýðir þó ekki að hverfið skuli haldast algerlega óbreytt um ókomna tíð. Með verndarsvæðinu er verið að huga m.a. að mælikvarða mannvirkja og að nýjar byggingar taki mið af því sem fyrir er hvað varðar hlutföll og að hin eldri hús njóti svigrúms. Vesturbærinn er nú þegar gott dæmi um hverfi þar sem ólíkir byggingartímar mætast.

Hafa skal í huga að þegar vandað er til verks getur nýtt og eldra byggingarform unað sér vel saman í götumynd sem ríkjandi dæmi hvers tímabils.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt